

50. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR
3. APRÍL 2019



DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2019

AÐALFUNDUR SSV 2019 AÐALFUNDUR SSV HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ

Miðvikudagurinn 3. apríl 2019

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs
2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á
3. Fjárhagsáætlun 2019 – Samþykkt á Haustþingi SSV 2018
4. Starfsáætlun 2019 – Samþykkt á Haustþingi SSV 2018
5. Kosning í stjórn SSV – Samkvæmt lögum SSV er kosið til stjórnar SSV á haustþingi á kosningarári til sveitarstjórna. Því var kosin stjórn á s.l. haustþingi
6. Kosning í þær nefndir sem starfa á milli aðalfunda. – Aðalfundur þarf ekki að kjósa í neinar nefndir að þessu sinni
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin



FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2019

AKRANES

Liv Aase Skarstad, bæjarfulltrúi
Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi
Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi
Rakel Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi
Ólafur Adolfsson, bæjarfulltrúi
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

Guðveig Eyglóardóttir, sveitarstjórnarf.
Finnbogi Leifsson, sveitarstjórnarf.
Lilja B. Ágústsdóttir, sveitarstjórnarf.
Sigrún S. Ámundadóttir, sveitarstjórnarf.
Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Eyjólfur I. Bjarnason, oddviti
Skúli H. Guðbjörnsson, sveitarstjórnarf.
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDAFJARÐARBÆR

Jósef Ó. Kjartansson, bæjarfulltrúi
Heiður Björk Fossberg, bæjarfulltrúi
Sævör Þorvarðardóttir, bæjarfulltrúi
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

HELGAPELLSSVEIT

Sif Matthíasdóttir, sveitarstjórnarf.

HVALFJARÐARSVEIT

Guðjón Jónasson, sveitarstjórnarf.
Ragna Ívarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Björn H. Hilmarsson, bæjarfulltrúi
Auður Kjartansdóttir, bæjarfulltrúi
Svandís Jóna Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi
Erla Friðriksdóttir, bæjarfulltrúi
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Páll S. Brynjarsson
Svala Svavarsdóttir
Sædís Björk Þórðardóttir

FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

Starfsendurhæfing Vesturlands
Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Sorpurðun Vesturlands
Vesturlandsstofa

FUNDARSETNING

Eggert Kjartansson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann lagði til að Gunnlaugur Júlíusson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Þá kynnti hann tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar. Fundarstjóri tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri: Gunnlaugur Júlíusson

Fundarritari: Svala Svavarsdóttir

Kjörbréfanefnd: Erla Friðriksdóttir, Fríða Sveinsdóttir, Lilja Björg Ágústsdóttir

1. SKÝRSLA STJÓRNAR

Eggert Kjartansson, formaður SSV flutti skýrslu stjórnar um starfsemi SSV.

Starfsemi SSV var um flest í föstum skorðum á árinu 2018. Sóknaráætlun Vesturlands er orðin eitt af stærstu verkefnum samtakanna. Segja má að allir starfsmenn komi í dag með einum eða öðrum hætti að verkefnum sóknaráætlunar. Önnur verkefni s.s. atvinnuráðgjöf, rekstur almenningsgangna, umsýsla með málefnum fatlaðra og umsjón með rekstri Sorpurðunar Vesturlands voru með svipuðum hætti og verið hefur.

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 19. mars 2018 og mættu 45 fulltrúar og gestir. Á fundinum voru samþykktar ályktanir um fjárveitingar ríkisvaldsins til starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Vesturlandsstofu.

Haustþing SSV fór fram á Bifröst dagana 20. og 21. september 2018. Alls sátu þingið 52 fulltrúar og gestir. Meðal gesta voru ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, félagsmálaráðherra, þingmenn úr Norðvesturkjördæmi, fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, starfsfólk úr samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og aðilar sem tóku þátt í pallborðsumræðum um velferðarmál. Ný stjórn var kosin og komu átta nýir fulltrúar inn í stjórn. Fjórar nefndir voru starfandi sem allar skiluðu greinargóðum ályktunum. Þingið samþykkti starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og var mikil samstaða um þá afgreiðslu. Velferðarmál voru þema þingsins og þar urðu mjög góðar umræður um stöðuna á Vesturlandi og þá velferðarstefnu sem er í vinnslu. Áætlað að hún verði lögð fyrir stjórn SSV á næsta fundi. Á þinginu voru heiðraðir 5 aðilar fyrir vel unnin störf að sveitarstjórnarmálum á Vesturlandi.

Eggert fór yfir starfsemi SSV en á skrifstofu eru í dag 6,6 stöðugildi og s.l. haust var ráðið í starf verkefnisstjóra sem sinnir fjármálum, uppbyggingarsjóði og upplýsingamálum. Reglulegir fundir voru með öðrum landshlutasamtökum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá voru fundir með þingmönnum Norðvesturkjördæmis og með ráðherrum og þingnefndum. Ríkisstjórn Íslands fundaði í Langaholti á Snæfellsnesi og bauð sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi til fundar við sig.

Eggert fór einnig yfir fræðslu og upplýsingamiðlun í starfi SSV en það var einna helst að haldið var námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarfulltrúa, aukin fréttu- og upplýsingamiðlun á heimasíðu, sjónvarpsþættir um samgöngumál og starfsemi SSV og ný vefsíða fyrir Vesturland

og þá sérstaklega ferðamenn. Vinna í stefnumótun hefur verið mikil en vinna við Velferðarstefnu Vesturlands hófst s.l. vor en það er sjö manna vinnuhópur sem hefur haldið utan um verkefnið og hefur starfsfólk SSV unnið með hópnum. Sveitarfélög hafa veitt umsagnir og er áætlað að stefnan verði tilbúin nú á vordögum. Þá fór Eggert yfir vinnu atvinnuráðgjafar SSV en hún hefur löngum verið stærsti þátturinn í starfsemi SSV og starfa fjórir ráðgjafar í 3,4 stöðugildum. Það eru fjölmörg og fjölbreytt erindi sem berast ráðgjöfum en nýr samningur við Byggðastofnun var undirritaður á s.l. ári. Helstu áherslur sem unnið er að eru atvinnu- og byggðaðpróun, framfylgja stefnu stjórnvalda í byggðamálum, atvinnuráðgjöf við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög, nýsköpun í atvinnulífi, efling búsetukosta og upplýsingaöflun og samstarf við aðra landshluta.

Hafin er vinna við Sóknaráætlun Vesturlands og er stefna, markmið og aðgerðaráætlun sem unnin var 2015 leiðarljós við alla vinnu að áætluninni. SSV vann að sex áhersluverkefnum árið 2018 en það voru Nýsköpun og frumkvöðlar, Matarauður Vesturlands, Innviðir á Vesturlandi, Ungmennahúsið, Efling ferðapjónustu og Menningarstarf. Uppbyggingarsjóður úthlutaði styrkjum að upphæð 56,8 m.kr til 93 verkefna.

NVB ehf. heldur utan um rekstur almenningssamganga á Vesturlandi og leiðir 57 Rvík-Ak og leið 59 Borgarnes-Hólmavík. Tap varð á rekstri NVB ehf. upp á 11,4 m.kr. árið 2018 og var tapinu skipt á milli eigenda, SSV tekur á sig 50%. Farþegum fækkað á árinu 2018. Samningur um verkefnið rann út í árslok 2018 og var framlengdur um eitt ár. Hvað tekur við frá árinu 2020 er enn óljóst.

Málefni fatlaðra eru á borði SSV og hefur þjónusturáð umsjón með verkefninu, í ráðinu sitja fulltrúar frá velferðarsviði Akraneskaupstaðar, fjölskyldusviði Borgarbyggðar og félags- og skólabjónustu Snæfellinga. Tekjur þjónustuvæðisins hækkuðu um rúmar 300 m.kr. á milli ára og skilar aukningin sér beint til sveitarfélaganna. Unnið er að því að leggja þjónustuvæðið niður og færa verkefnið til sveitarfélaganna á Vesturlandi þar sem ekki er lengur skilyrði að 8000 íbúar séu á hverju þjónustuvæði.

Að lokum sagði Eggert að það væri mikill kraftur í Vestlendingum og að sá kraftur endurspeglar starf sveitarfélaga og kemur hann með stjórnarmönnum inn í stjórn og þakkaði hann þeim fyrir samstarfið á árinu. Það er frábært fólk að leiða sveitarfélögin, Sævar, Linda, Gunnlaugur, Kristján, Jakob, Björg og Kristinn, auk oddvitanna Árna og Guðrúnar og margir að vinna gott starf fyrir okkur á landsvísu. Hann þakkaði starfsmönnum SSV fyrir samstarfið og sagði Vesturland eiga mikinn mannauð í því fólk.

2. ÁRSREIKNINGAR SSV OG ÞEIRRA FÉLAGA SEM SSV BER ÁBYRGÐ Á

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikninga SSV og Þjónusturáðs um málefni fatlaðra fyrir árið 2018.

Páll fór fyrst yfir reikninga Þjónusturáðsins, en helstu kennitölur í fjárhag þess eru:

- Rekstrarreikningur
 - Tekjur kr.973.747.565 (frá ríki og sveitarfélögum)
 - Gjöld kr. 973.431.608 (framlög til sveitarfélaga + sameiginlegur kostnaður)
 - Fjármunatekjur kr. 163.146.
 - Rekstrarafkoma ársins kr.479.103

- Efnahagsreikningur
 - Eignir kr. 235.115.002 (Kröfur á tengda aðila + handbært fé)
 - Óráðstöfuð framlög kr. 8.637.898
 - Skammtímaskuldir 226.477.104 (skuldir við tengda aðila)
- Sjóðstreymi
 - Veltufé frá rekstri kr.479.103
 - Handbært fé í lok árs kr.31.373.130

FRÁVIKSGREINING:

- Auknar tekjur þjónustusvæðis
 - Framlög Jöfnunarsjóðs voru mun hærri en áætlað var vegna hærri tekna og greiddi sjóðurinn tæplega 100% af áætluðum kostnaði við þjónustuþörf.
 - Framlög Jöfnunarsjóðs hækkuðu vegna breytinga á SIS-mati.
 - Viðbótarframlag vegna tapreksturs fyrri ára um 30 m.kr.
 - Útsvarstekjur sveitarfélaga hærri en áætlað var 15 m.kr.
- Óinnheimt framlög
 - Framlög frá jöfnunarsjóði sem bárust í febrúarbyrjun
- Skammtímaskuldir
 - Skuldir við sveitarfélög á Vesturlandi vegna fjármuna sem ekki var búið að úthluta í árslok.

Því næst fór Páll yfir lykiltölur varðandi rekstur SSV árið 2018:

- Rekstrarreikningur
 - Tekjur kr. 127.865.957
 - Gjöld kr. 117.032.434
 - Vaxtatekjur kr. 538.081
 - Áhrif hlutdeildarféлага kr. 5.680.215
 - Rekstrarniðurstaða **kr. 5.691.089**
- Efnahagsreikningur
 - Eignir kr. 177.048.065 (Fasteign, bifreiðar, búnaður eignarhlutur, kröfur og handbært fé)
 - Skuldir kr.113.287.512 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir og langtímaskuld)
 - Eiginfjárreikningur kr. 63.760.553
- Sjóðstreymi
 - Veltufé kr. 12.845.037
 - Handbært fé kr. 52.111.715

FRÁVIKSGREINING:

- Tekjur
 - Fastar tekjur almennt aðeins yfir áætlun
 - Tekjur af sérverkefnum aðeins lægri
 - Í heildina eru tekjur hærri en áætlað kr. 3.200.000

- Gjöld
 - Launakostnaður lægri en áætlun kr. 10.000.000
 - Hlutdeild Vesturlandsstofu vegna verkefnastjóra
 - Verkefnastjóri var ráðinn mun seinna á árinu en áætlað var
 - Annar rekstrarkostnaður hærri kr. 4.700.000
 - Afskriftir lægri kr. 1.100.000
 - Kostnaður lægri sem nemur kr. 7.400.000

Þá fór Páll yfir sóknaráætlun 2018

- Sóknaráætlun 2018
 - Framlög frá ríki og sveitarfélögum kr. 123.930.107
 - Hefðbundin framlög kr. 93.930.107
 - Samningur vegna Vínlandsseturs kr. 30.000.000
 - Notað árið 2017 kr. 106.386.476
 - Uppbyggingarsjóður kr. 56.779.500
 - Áhersluverkefni kr. 19.769.476
 - Umsjón kr. 7.000.000
 - Vínlandssetur kr. 30.000.000

Páll fór því næst yfir rekstur almenningsamgangna - NVB ehf.

- Tekjur kr. 338.792.648.
 - Tekjur frá ríki og öðrum aðilum kr. 189.662.364 (500 þúsund hækkun)
 - Farþegatekjur kr. 149.130.284 (8,5 m.kr lækkun)
 - Heildarlækkun tekna 9 m.kr.
- Gjöld kr. 348.086.568
 - Greiðslur til verktaka kr. 313.213.740 (lækkun um 5 m.kr.)
 - Strætó kr. 34.872.828. (hækkun um 850. þús)
 - Annar kostnaður 1.000.000 (SSV hefur ekki rukkað umsýslugjald)
 - Heildarlækkun á kostnaði 7.1 m.kr.
 - Áhrif af leið 83 um 4 m.kr.
- Niðurstaðan er rekstrartap upp á 11,4 m.kr.
- Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni munu þeir endurgreiða NVB tapið

Það náðist að lækka kostnað um 5. m.kr. Lagðar voru niður ferðir til að ná sparnaði og dregið úr þjónustu þar sem hennar var minnst þörf.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Fyrirspurnir komu fram um almenningsamgöngur og þá um vinnu í verkefni frá ráðuneytinu, byggðarstrætó. Páll svaraði að hún væri í gangi en lítið gerst. Mikið búið að velta þessu fyrir sér og mörgu ósvarað. Möguleiki að Vegagerðin taki þetta yfir alls staðar eða stækka NVB að bjóða öðrum að koma inn í það eða stofna nýtt fyrirtæki.

Páli var þökkuð yfirferð á skýrslu stjórnar og ársreiknings 2018.

Ekki komu fleiri fyrirspurnir og bar fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.

Skýrsla stjórnar – **Samþykkt samhljóða**

Ársreikningur SSV 2018 – **Samþykkt samhljóða**

Ársreikningur þjónustusvæði Vesturlands 2018 – **Samþykkt samhljóða**

Fundastjóri þakkaði Páli fyrir og bað kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Erla Friðriksdóttir gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og tilkynnti að fundurinn væri löglegur.

Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

3. ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda. Laun stjórnar SSV hafa hingað til verið ákveðið hlutfall af þingfararkaupi. Fyrir tveimur árum voru samþykktar breytingar á launum stjórnarmanna sem hlutfalli af þingfararkaupi. Þingfararkaup í dag er kr. 1.101.194. Hér er lagt til að laun verði óbreytt sem þýðir að:

- Laun formanns stjórnar verði 5% af þingfararkaupi
- Laun annarra stjórnarmanna verði 2,5% af þingfararkaupi
- Laun formanna nefnda verði 3.32% af þingfararkaupi
- Laun nefndarmanna verði 1.66% af þingfararkaupi
- Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess sem þeir fá greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund.

Samþykkt samhljóða

4. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Lagt til að vísa fjárhagsáætlun 2020 til haustþings SSV.

Samþykkt samhljóða

5. STARFSÁÆTLUN 2020

Lagt til að vísa starfsáætlun 2020 til haustþings SSV

Samþykkt samhljóða

6. KOSNING TIL STJÓRNAR

Stjórn SSV sem kosin var á Haustþingi var kosin til tveggja ára og mun sitja fram á vor 2020.

7. KOSNING ENDURSKOÐENDA

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV og tengdra aðila á árinu 2019.

Samþykkt samhljóða.

8. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

Rakel Óskarsdóttir kom upp og kynnti stuttlega vinnu vinnuhóps um hlutverk landshlutasamtaka en hún situr í vinnuhópnum. Vinnuhópurinn kemur fram fyrir hönd allra landshlutasamtakanna. Hún reifaði eftirfarandi vangaveltur: Setja verkefni á landshlutasamtökin en ekki til sveitarfélögin? Fækkun sveitarfélaga? Það er spurningakönnun tilbúin til að senda út um hvernig viljum við hafa þetta?

Ekki voru tekin fyrir fleiri mál undir þessum lið. Eggert Kjartansson formaður SSV þakkaði fundarstjóra og fundamönnum fyrir góðan fund og sleit fundi. 16:25.